

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bolungarvíkurkaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar 24. júlí 2007 var samþykkt deiliskipulag lóðarinnar að Aðalstræti 24-26 í Bolungarvík.

Deiliskipulagið tekur til stækkunar byggingarreits lóðarinnar til suðausturs um 240 m². Viðbygging er heimiluð við núverandi byggingu en ekki verður heimilt að byggja frístandandi hús á reitnum. Hæsta leyfilega hæð nýbyggingarinnar verður 6 metrar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bolungarvík, 28. nóvember 2007.

Jóhann B. Helgason, sviðsstjóri umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 12. desember 2007